

**Vorönn 2009**

# Matsfundir – eru nemendur hæfir til að meta skólastarfið?



**Irena Ásdís Óskarsdóttir og  
Ragnhildur Guðjónsdóttir**

HÍ – endurmenntun – að vanda til  
námsmats

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Þakkir .....	3
Inngangur .....	4
Fræðilegur kafli.....	6
1. Framkvæmd - aðferð .....	8
1.1 Leyfi hjá stjórnendum.....	8
1.2 Undirbúningur matsfundanna .....	8
1.3 Val á hópum.....	9
2.1. Framkvæmd matsfunda .....	9
2. Úrvinnsla niðurstaðna .....	10
2.1 Niðurstöður til kennara sem voru þátttakendur .....	10
2.2 Niðurstöður til stjórnenda .....	10
3. Niðurstöður – umræður .....	10
3.1. Niðurstöður fundanna.....	11
3.2. Mat nemenda á matsfundunum - könnun .....	12
3.3 Niðurstöður kynntar á kennarafundi.....	17
3.4 Umsögn kennara á matsfundunum .....	17
4. Ályktanir/lokaorð.....	18
Fylgiskjöl .....	19
1. Bréf til kennara um framkvæmd og úrvinnslu.....	19
2. Spurningarnar úr kennslukönnun skólans.....	22
3. Matsfundirnir.....	23
4. Mat nemenda á matsfundunum - könnun .....	26
5. Umsagnir kennara .....	27
6. Listi til stjórnenda .....	29
Heimildaskrá.....	30

## Ágrip

Í þessu verkefni vildum við kanna hvort nemendur væru hæfir til að meta skólastarfið. Til þess notuðum við matsaðferð sem kallast matsfundir. Við könnuðum viðhorf nemenda og kennara við slíkri aðferð. Okkar ályktun er að nemendur geta metið skólastarfið með mjög faglegum hætti. Aðferðin hentar vel til að meta skólastarfið og gefur okkur betri mynd af skólastarfinu og er gagnlegri heldur en hefðbundnar kennslukannanir.

## Þakkir

Við viljum þakka Ingvari Sigurgeirssyni fyrir aðstoðina við verkefnið. Stjórnendum Iðnskólans í Hafnarfirði fyrir það traust sem þeir veittu okkur með því að gefa leyfi til að framkvæma matsfundina í skólanum. Nemendum og kennurum fyrir þátttökuna og það traust sem þeir veittu okkur.

## Inngangur

Markmið okkar með þessu verkefni er að kanna hvort við getum fundið góða aðferð til að meta skólastarfið með aðstoð nemenda. Aðferðin þarf að vera leiðbeinandi fyrir kennarana þar sem þeir fá upplýsingar um það sem þeir gera vel í starfi sínu og hvað er hægt að gera betur. Einnig hvort kennsluaðferðir og áherslur kennara nýtist nemanda til skilnings á námsefninu. Tilgangurinn er að verkefnið efli skólastarfið og bæti. Hingað til hafa verið lagðar fyrir kennslukannanir á hverri vorönn. Nemendur eru beðnir um að svara 10 spurningum á Námskjánum sem er veflægt forrit sem er notað í skólanum. Spurningarnar eru fyrirfram ákveðnar og haka nemendur við viðeigandi staði þar sem svarmöguleikinn er „hlutlaus, mjög sammála, frekar sammála, hlutlaus, frekar ósammála eða mjög ósammála“ (sjá fylgiskjal 2, kennslukönnun). Við höfum haft það á tilfinningunni að nemendur svari þessum könnunum oft ekki af fullri alvöru og svörun er oft léleg eða um 50%. Enn fremur er möguleiki á að þó nemendum finnist eitthvað athugavert við kennsluna komi það ekki fram í rafrænum könnunum sem þessum þar sem spurningarnar voru í raun ekki réttar.

Í verkefni okkar ákváðum við að taka fyrir umræðuhringi eða matsfundi með nemendum. Hugmyndina fengum við þegar Ingvar Sigurgeirsson, umsjónarmaður námskeiðsins sem við vorum í „Að vanda til námsmats“ hélt slíkan fund með nemendum á námskeiðinu þann 12. desember 2008. Við höfðum ekki kynnst slíkri aðferð sem matsaðferð fyrir en þá. Við fengum mikinn áhuga á að prófa matsaðferðina í okkar skóla og sáum í henni fullt af tækifærum, ekki síst þar sem önnur okkar vinnur að hluta við innra mat skólans. Fannst okkur þarna komið tæki sem við gætum nýtt bæði sem hluta af innra mati skólans og sem tækifæri kennara til að fá að heyra beint frá nemendum hvað þeim finnst um námskeiðið. Við vorum því mjög spenntar að prófa og fá álit kennara og nemenda á þessari aðferð.

Við ákváðum að leggja upp með spurninguna: „*Eru nemendur hæfir til að meta skólastarfið?*“ Einnig vildum við fá svör við spurningunum: „*Eru matsfundir heppileg aðferð til að meta skólastarfið?*“ og „*Eru matsfundir nýtilegri en hefðbundnar kennslukannanir?*“ Við vorum sannfærðar um að hægt væri að svara þessum spurningum játandi. Við vorum vissar um að nemendur væru hæfir og myndu gefa sér tíma, og vanda matið vel. Við urðum þó fljótt varar við að ekki höfðu allir kennarar sömu trú á því og við að nemendur væru færir um að vinna mat sem þetta.

Einnig var það okkar tilfinning að fleiri nemendur tækju þátt og niðurstöðurnar yrðu nýtilegri fyrir kennarann þar sem allir gátu sagt það sem þeir vildu með sínum orðum og höfðu frjálst val um það sem þeir vildu gera athugasemd við.

Okkur fannst mikilvægt að fá skoðun nemenda og kennara á matsaðferðinni, þ.e. hvernig upplifun þeirra væri á matsfundinum, hvort þeir telji að þeir komi að gagni og sömuleiðis hvort þeir sjái að þessi aðferð sé heppileg til að nota reglubundið í skólastarfinu. Þessum spurningum fengum við svarað frá nemendum með því að leggja fyrir þá stutta könnun, sjá fylgiskjal 4. Einnig sendum við þeim kennurum sem matsfundirnir fóru fram hjá póst og óskuðum eftir umsögn um verkefnið (sjá fylgiskjal 5). Þar sem það eru mjög margir áfangar kenndir í skólanum ákváðum við að einskorða okkur við okkar deildir sem eru almenna deildin og rafiðnadeildin.

## Fræðilegur kafli

Mat á skólastarfi hefur verið framkvæmt með misjöfnum hætti. Skólarnir fá algjört frjálstræði og ráða hvernig matið fer fram. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá framhaldsskólanna: „Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skulu innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Í lögum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið.“ Í námskrá Iðnskólans kemur fram: „Við skólann fer fram sjálfsmat samkvæmt framhaldsskólalögum. Ýmsir þættir skólastarfsins eru metnir með stöðluðum aðferðum og er markmiðið að gera skólann að betri og skilvirkari stofnun, ábyrgan fyrir eigin umbótum og meðvitaðan um styrkleika sína og veikleika.“

(<http://www.idnskolinn.is/skolinn/sjalfsmat/>). Iðnskólinn hefur sinnt þessum hluta m.a. með því að leggja fyrir kennslukannanir á hverri vorönn. Kennararnir fá niðurstöðurnar afhentar hjá skólameistara. Skólameistari gerir athugasemdir ef þess hefur þurft. Okkur hefur fundist erfitt að túlka niðurstöðurnar sem við höfum fengið. Það eina sem við höfum getað lesið úr þeim er hvernig við sem einstaklingar stöndum okkur til samanburðar við hópinn eða gert samanburð á eldri niðurstöðum sem við höfum fengið. Þar kemur ekki fram hvað það er sem við getum tekið til athugunar eða hvað það er sem nemendur meta í fari okkar.

Okkur langaði að prufa nýja matsaðferð til að meta skólastarfið okkar sem við töldum gefa okkur raunhæfari mynd og yrði þ.a.l. skilvirkari til að bæta skólastarfið. Þau atriði sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar í aðalnámskránni sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru að matið sé: 1. Formlegt, 2. Altækt, 3. Áreiðanlegt, 4. Samstarfsmiðað, 5. Umbótamiðað, 6. Árangursmiðað, 7. Stofnana- og einstaklingsmiðað, 8. Lýsandi, 9. Greinandi og 10. Opinbert. (Aðalnámskrá, 2004, bls. 43-44). Við teljum að matsfundir nái betur að uppfylla þessi viðmið sem menntamálaráðuneytið setur.

Það reyndist okkur erfitt að finna leiðbeiningar um framkvæmd matsfunda. Þegar við slógum upp leitarorðinu matsfundir á veraldavefnum ([www.google.com](http://www.google.com)) komu upp ýmsar niðurstöður, virðast þeir vera eitthvað notaðir og þá sérstaklega í skólakerfinu. Þegar við skoðuðum niðurstöðurnar og umfjöllun um matsfundi kom í ljós að umsjónarmaður námskeiðsins, Ingvar Sigurgeirsson, var oftast ekki ábyrgðarmaður þeirra. Þar fundum við glæru með upplýsingum um framkvæmd matsfunda:

„10-20 þátttakendur, orðið gengur tvo til þrjú hringi: jákvæð atriði, þ.e. hvað eruð þið ánægð með og kvörtunarhringur, þ.e. hvað má betur fara? Nemendur nefna eitt/tvö/þrjú atriði eftir því hvað ákveðið hefur verið. Öll atriði eru skráð. Engar umræður.“

([starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/Skjam\\_verkm/Namsmat\\_L\\_og\\_v\\_2.pptx](http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/Skjam_verkm/Namsmat_L_og_v_2.pptx) -)

Við leitum til Ingvars Sigurgeirssonar eftir frekari upplýsingum og benti hann okkur á ýmis ensk heiti sem svipa til matsfunda eins og "Assessment focus groups", "Listening to Students' Voices", "School democracy" og "Circle Time".

„Focus groups“ eða rýnihópar eins og hugtakið kallast á íslensku er nokkuð algeng aðferð sem er notuð til að fá fram skoðanir fólks á ákveðnu efni. Í rýnihóp eru yfirleitt notaðir minni hópar 6-10 manns og er einn umræðustjóri sem tekur saman athugasemdirnar. Fjallað er um fyrirfram ákveðið efni (sjá t.d.: <http://www.mmr.is/files/MMRFocus.pdf>). Það má því segja að rýnihópum (Focus Groups) svipi til matsfunda að mörgu leyti. En samkvæmt grein eftir Anitu Gibbs (sjá: <http://www.afmrd.org/cms/files/Social%20Research%20Update.pdf>) geta hóparnir alveg farið upp í 15 manns og jafnvel niður í 4 sem svipar mjög til þessa hópastærða sem við vorum með. Lýsing hennar á rýnihópum á líka vel við þá aðferð sem við beyttum í umræðunum. Hún nefnir að einn af kostunum við svona umræður sé að þátttakendur í hópnum geti fengið mikið út úr því að vera hafðir með í ákvarðanatöku sem sérfræðingar. En það var jú von okkar að niðurstöður fundanna yrðu teknar til athugunar og breytingar gerðar í samræmi við þær ef þurfa þætti. Hún bendir þó líka á að það komi kannski ekki allir til með að finna sig á svona fundum og þá sérstaklega ekki feimnir og óframfærnir þátttakendur. Hún talar líka um hlutverk stjórnandans (rannsakandans) og nefnir að hann geti þurft að koma umræðunni af stað með því t.d. að spyrja opinna spurninga. Stjórnandinn verði jafnframt að passa sig á að láta ekki í ljós eigin skoðanir né taka undir með fundarmönnum heldur bara fylgjast með og skrá niðurstöður og passa að allir fái að taka þátt.

Í bókinni „Focus groups theory and practice“ (tilvísun) er talað um kosti þessarar aðferðar og meðal annars nefnt að með þessari aðferð sé hægt að safna tiltölulega miklum upplýsingum á stuttum tíma, einnig hægt að spyrja nánar ef rannsakandinn skilur ekki við hvað þátttakandinn á. Einnig nefna höfundar að þetta sé sérstaklega góð aðferð þegar safna á upplýsingum frá börnum þá sé þessi aðferð sérlega notendavæn og þægileg.

Kostir við „Listening to Students' Voices“ eru sagðir vera: Gefur tækifæri til að fá hugmyndir frá nemendum til að bæta skólastarfið, kostar lítið í framkvæmd, sveigjanlegt, bætir leiðtogaþæfileika nemandans, hvetur til betri samskipta við skólaumhverfið, er rannsóknarmiðuð og unnin á staðnum (sjá: <http://www.nwrel.org/scpd/scc/studentvoices/>).

## 1. Framkvæmd - aðferð

Hér fyrir neðan fjöllum við um leyfi, undirbúning matsfundanna, val á hópum og framkvæmd þeirra.

### 1.1 Leyfi hjá stjórnendum

Þegar hugmyndin var komin að verkefninu kynntum við hana fyrir stjórnendum skólans og sóttum um leyfi hjá þeim til að halda matsfundina í tveimur deildum skólans. Stjórnendur tóku mjög vel í hugmyndina og gáfu okkur leyfi til að fara í alla áfangana í, almennu deildinni og rafiðnadeildinni.

### 1.2 Undirbúningur matsfundanna

Eins og segir í inngangi ákváðum við að takmarka okkur við deildirnar sem við kennum við þ.e. almennu deildina og rafiðnadeildina. Þar sem Ragnhildur er deildarstjóri yfir rafiðnadeildinni kynnti hún sjálf verkefnið fyrir kennurunum í deildinni og kannaði áhuga þeirra á þátttöku í verkefninu. Kennarar þar voru almennt mjög jákvæðir fyrir verkefninu og tilbúnir að taka þátt.

Við ákváðum svo að kynna verkefnið fyrir deildastjóra almennu deildarinnar. Deildastjórinn ákvað að boða kennara sinnar deildar á fund til að fjalla um verkefnið. Eftir þann fund kom í ljós að einhverjir kennarar voru ekki tilbúnir til að taka þátt, sumir voru alveg til í að vera með og enn aðrir vildu frekari skýringu á tilgangi verkefnisins. Deildastjórinn boðaði því aftur til fundar og nú var þess óskað að við yrðum viðstaddar. Á þessum fundi komu fram ýmis sjónarmið sem við höfðum ekki leitt hugann að áður eins og:

- Sumir virtust gera ráð fyrir slæmum niðurstöðum og voru því ekki vissir um að þeir gætu litið bekkinn sömu augum eftir að niðurstöður lægju fyrir.
- Einnig var nefnt að þeim fannst óþægilegt að samkennarar væru að gera þessa könnun, fannst heppilegra að við hefðum farið í annan skóla og einhver utanaðkomandi kæmi í okkar skóla.
- Kennarar sögðust treysta okkur fyrir þessu en fannst þetta samt óþægilegt.
- Margir kennararnir virtust hafa litla trú á því að nemendur okkar væru færir um að meta svona og virtust almennt ekki bera mikið traust til þeirra.

Undir lok þessa fundar óskuðum við eftir því að þeir kennarar sem hefðu áhuga á þátttöku myndu senda okkur tölvupóst og þar kæmi fram í hvaða tíma við fengjum að koma og



hvenær. Eftir fundinn ákváðum við að útbúa bréf um verkefnið, þ.e. ástæðuna fyrir valinu á verkefninu, framkvæmd matsfundanna, úrvinnslu gagnanna sem við öfluðum okkur og úrvinnslu þátttakendanna, þ.e. hvernig þeir gætu nýtt sér niðurstöður matsfundanna. Bréfið sendum við kennurunum sem störfuðu í deildunum tveimur með tölvupósti (sjá fylgiskjal 1).

### 1.3 Val á hópum

Hóparnir voru valdir með ýmsum hætti. Sumir kennararnir völdu hópa sem þeir vildu fá okkur í. Aðrir buðu okkur að velja og spurðu hvað við vildum marga. Í rafiðnadeildinni fengum við nokkuð frjálst val og þar var því reynt að fara inn í hópa sem voru mislangt komnir í faginu og hjá sem flestum kennurum til að fá einhvern þverskurð af deildinni. Þegar upp var staðið vorum við komnar með 18 hópa sem vildu taka þátt og í þeim voru um 150 – 200 nemendur og kennarar hópanna voru 11.

### 2.1. Framkvæmd matsfunda

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur í öllum hópunum nema einum. Flestir fundirnir voru framkvæmdir af okkur saman þar sem önnur okkar sá um að skrá niðurstöður en hin stjórnaði umræðum. Við fengum okkur til aðstoðar verkefnastjóra skólans, Ingu Þóru Ingadóttur, þegar við höldum fundina í tímunum okkar.

Framkvæmd:

- Við byrjuðum á biðja nemendur um að færa borðin til hliðar og raða stólum í hring. Þegar nemendur voru sestir í hring ásamt okkur létum við þau vita hvert verkefnið væri.
- Kynntum fyrir þeim áfangann sem við værum í við endurmenntun HÍ.
- Við óskuðum eftir því að nemendur segðu eitt til tvö atriði sem þeim þætti jákvætt við áfangann. Hringurinn gengi réttisælis og allir fengju að segja sína skoðun. Þegar hringurinn væri búinn myndum við fara annan hring rangsælis og þá nefndu þeir eitt til tvö atriði sem þeim fannst vera hægt að bæta í áfanganum. Tókum sérstaklega fram að nemendur mættu vera sammála öðrum nemanda og einnig mætti segja „pass“. Tókum fram að nemendum gæfist kostur á að bæta við ef þeim fannst þess þurfa í lokin.
- Áður en við byrjuðum útskýrðum við tilganginn með verkefninu sem væri að bæta skólastarfið.

- Létum þau vita að við myndum skrifa athugasemdirnar beint eftir þeim og að við undirstrikuðum þau atriði sem væru oft tekin fram.
- Sögðum þeim hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar nafnlausar.
- Lásum upp 10 spurningar úr kennslukönnuninni sem er lögð fyrir á vorönn til að gefa þeim hugmynd um umræðuefni (sjá fylgiskjal 2).
- Eftir matshringinn spurðum við nemendur hvernig þeim hafi fundist matsfundurinn.
- Að lokum óskuðum við eftir því að nemendur hjálpuðu okkur að ganga frá stofunni, raða stólum og borðum aftur á sinn stað í stofunni.

## 2. Úrvinnsla niðurstaðna

### 2.1 Niðurstöður til kennara sem voru þátttakendur

Eftir að öllum matsfundum var lokið tókum við niðurstöðurnar saman fyrir hvern áfanga sem við fórum í. Við kölluðum svo viðkomandi kennara á fund til okkar innan tveggja vikna frá því að matsfundurinn var haldinn og kynntum fyrir honum niðurstöðurnar og létum hann hafa útprentaðar allar athugasemdir. Fórum yfir hvernig við hefðum gert þetta, að við hefðum skrifað allt beint eftir nemendum ritskoðuðum ekki orðalag og feitiletruðum þær athugasemdir sem oft voru nefndar.

### 2.2 Niðurstöður til stjórnenda

Það kom í ljós að oft voru nemendur að gagnrýna aðstöðuna eða aðstöðuleysið þegar þeir áttu að nefna það sem betur mætti fara. Þetta voru yfirleitt mjög góðar athugasemdir og margt sem á að vera hægt að lagfæra. Við tókum allar þessar athugasemdir saman á blað og sendum til stjórnenda skólans. Það er svo von okkar að hægt verði að hengja þennan lista upp í viðkomandi deild og merkja við eftir því sem hlutir eru færðir í betra horf.

Þennan lista má sjá í fylgiskjali 6 og þau atriði sem voru oft nefnd eru feitiletruð.

## 3. Niðurstöður – umræður

Í þessum kafla greinum við frá helstu niðurstöðum matsfundanna, niðurstöðum úr könnuninni um mat nemenda á matsfundunum og umsögnum kennaranna. Okkur fannst verkefnið vera

Þess eðlis að betra væri að hafa umræður samhliða niðurstöðunum og greinum því niðurstöðurnar jafnóðum.

### 3.1. Niðurstöður fundanna

Á fundunum varð almennt mjög góð umræða og nemendur voru mjög virkir og áhugasamir. Þeir komu með marga gagnlega punkta og oft sköpuðust umræður um hluti sem þau voru að rökræða um hvort væri kostur eða galli eins og t.d. ef kennari var mjög strangur á mætingum. Það var einnig áhugavert að sjá að atriði sem við heyrum nemendur oft tuða yfir varðandi kennara, eins og „hann gefur manni alltaf seint“, „hann kennir alltaf allan tímann“, „við fáum aldrei að fara fyrr“ eða „hann er alltaf að láta mann vinna einhver verkefni“, mátu þau til jákvæðra hluta við kennsluna. Í daglegu tali hljóma þessar athugasemdir neikvætt. Það fannst okkur strax gefa góða vísbendingu um að þau vissu alveg hvað góð kennsla fæli í sér og væru því alveg hæf til að meta skólastarfið.

Það var líka gaman að sjá hvað þau voru að spá í varðandi áfangann í heild sinni. Þau einblíndu ekki aðeins á kennarann eins og sumir höfðu verið hræddir um í byrjun heldur fóru þau einnig að meta aðstæður, námsgögn o.fl. Þau töluðu oft um kennslubækur sem þá annaðhvort voru góðar eða slæmar, þau höfðu skoðun á uppröðun borða, loftræstingu, þau nefndu að sumstaðar væru neyðarútgangar óaðgengilegir og fleira í þeim dúr.

Niðurstöður matsfunda er að finna í fylgiskjali 3.

Til að geta metið hvort viðvera kennara við slíka matsfundi geti skipt máli ákváðum við að gera eina tilraun þar sem kennari, Irena Ásdís Óskarsdóttir, var viðstödd á matsfundinum hjá öðrum lífsleikni hópnum hennar en fjarverandi hjá hinum hópnum. Það var mikill munur á umræðunni í hópnum. Þegar hún var ekki með þá voru nemendur mun duglegri að hrósa henni, einlægari í frásögn og einnig gagrýnin á námsefnið. Þegar hún var með varð allt svona meira í miðjunni, allt varð bara svona allt í lagi. Nú getur þetta líka að einhverju leyti verið vegna þess að hóparnir eru mismunandi en munurinn var samt mjög áberandi og einnig allt andrúmsloftið í stofunni.

Í rafiðnadeildinni prufuðum við líka að taka sömu hópana tvo tíma í röð í sitt hvoru faginu. Það var þannig að það var einn hópur í RTM á meðan annar var í RAM og svo skiptu þessir hópar í næsta tíma. Við vorum þá að athuga hvort við greindum einhvern mun á virkni þeirra eftir því hvort þau væru að taka þátt í fyrsta skipti eða annað. Þar varð nú samt munurinn ekki eins áberandi en vorum samt ekki frá því að umræðan væri betri og markvissari í seinna skiptið. Það er þó þannig í rafiðnadeildinni að nemendur eru oft saman í


mörgum fögum og þar verður meiri bekkjarstemming heldur en í almennu deildinni þar sem nemendur koma saman úr mörgum iðngreinum.

### **3.2. Mat nemenda á matsfundunum - könnun**

Við vorum búnar að ákveða í upphafi að fylgja matsfundunum eftir með könnun í lok annar þar sem nemendur væru beðnir um að segja hvað þeim fannst um matsfundina. Við lögðum því fyrir könnun (sjá fylgiskjal 4) sem innihélt fimm spurningar þar sem nemendur gáfu stig á kvarðanum 1 til 10 og þrjár spurningar þar sem þau gátu skrifað frjálst. Alls svöruðu 101 nemandi könnuninni. Við sáum eftir að hafa sett skalann frá 1-10. Í staðinn hefðum við viljað hafa þriggja eða fimm stiga kvarða. Því hvernig ber að túlka muninn á því að nemendur gefi einkunnina 7 eða 8 um hvort þetta hafi verið gagnlegt? Vilja báðir þessir aðilar að þessu verði haldið áfram?


Þessa könnun vorum við heldur seinar að leggja fyrir því það var komið fram í síðustu kennsluviku og við því að koma inn í tíma sem notaður er til upprifjunar og til að ljúka verkefnum annarinnar sem alltaf einhverjir eru þegar búnir með og því ekki í tíma. Einnig var það nú þannig að sumir nemendur tóku þátt í matsfundunum hjá okkur í tveimur eða jafnvel þremur mismunandi tímum og nenntu þá ekki að fylla út þrisvar sinnum eins matsblaði í lokin og létu nægja að svara einu sinni. Það skýrir muninn á fjölda þeirra sem tóku þátt í matsfundunum og þeirra sem skiluðu könnuninni í lokin. Það kom okkur hins vegar skemmtilega á óvart hvað þau sem tóku þátt voru dugleg að svara könnunni og skrifa eitthvað við spurningarnar sem hægt var að svara frjálst en 78 nemendur svöruðu þar af 101. Almennt virtust þau mjög sátt eins og dæmin og línuritin hér á eftir sýna.

## 1. Voru matsfundirnir gagnlegir ?




Hér gefa nánast allir einkunn yfir 5, svo flestum þykir þetta hafa verið gagnlegt en þar sem þetta var frumraun er ekki víst að kennarar hafi gert svo mikið úr þessu í tímum á eftir. En maður spyr sig líka ef möguleikarnir til að svara hefðu bara verið „ekki gagnlegir“, „hlutlaus“ og „gagnlegir“ hvort þá hefðu nánast allir merkt við „gagnlegir“ eða hefðu þessir með 5 og 6 sagt „hlutlaus“? En það fást ekki svör við því að þessu sinni.

## 2. Var skemmtilegt að taka þátt í matsfundunum ?




Aftur gefa nánast allir einkunn yfir 5 en þessi spurning var kannski ekki vel orðuð því hér vorum við að fiska eftir því hvort nemendum hafi þótt þau sett í óþægilegar aðstæður.

### 3. Væri óskandi að matsfundir væru haldnir í öllum áföngum ?




Aftur er nokkuð afgerandi niðurstaða, meirihlutinn er að gefa einkunnina 5 eða meira en hér gæti svörunin líka verið aðeins mismunandi eftir því hvort viðkomandi var búinn að taka þátt í einum matsfundi eða þremur svo dæmi sé tekið. En það eru hins vegar um 2/3 sem gefa einkunnina 8 og herra svo það er greinilegt að meirihlutanum fannst þetta ætti að vera í öllum fögum.

### 4. Heföbundnar kennslukannanir þjóna sama tilgangi og matsfundirnir ?



Hér fengum við í fyrsta sinn svolítið mikla dreifingu. Við fórum því að velta fyrir okkur af hverju það væri. Sáum við þá þegar við fórum að skoða spurningarnar að ef nemandi var fylgjandi matsfundum var þetta í raun eina spurningin sem átti að gefa lága einkunn og því spurning hvort það hafi ruglað. Við hefðum kannski átt að hafa spurninguna með neitun, eins og „venjulegar kennslukannanir þjóna **ekki** sama tilgangi og matsfundir“ því þá hefði þessi spurning verið í meira samræmi við hinar spurningarnar. Með því hefðum við getað komið í veg fyrir misskilning sem við teljum að hafi orðið. Engu að síður velja flestir fimm sem gefur til kynna að mörgum finnst kennslukannanir og matsfundir þjóna sama tilgangi.

### 5. Er æskilegt að utanaðkomandi aðili (annar en kennarinn í faginu) haldi matsfundinn ?



Hér er alveg afgerandi afstaða sem nemendur taka. Þeim finnst greinilega æskilegast að matsfundurinn sé haldinn af utanaðkomandi aðila.

Þá voru það spurningarnar þrjár sem nemendur gátu svarað frá eigin brjósti og voru þeir mjög duglegir að skrifa. Þar kom ýmislegt skemmtilegt og áhugavert fram.

Hér eru nokkur dæmi um það sem nemendur skrifuðu:

#### Var eitthvað jákvætt/gott við matsfundina ?

- Gott að sjá hvað kennarinn gerir fyrir mann. Maður gerir sér ekki grein fyrir því fyrir en maður gerir eitthvað svona.
- Við fengum að koma okkar skoðunum á framfæri. Mjög þægileg stemning sem kom ☺

- Eftir könnunina átti ég auðveldara að tala við samnemendur mína.
- Hristir hópinn saman
- Já, gott að koma athugasemdum á framfæri, bæði góðum og slæmum
- Við kynntumst betur (ísinn brotnaði)
- Já, það er allt annað að sitja í hring með öllum bekknum, og spjalla um það slæma ásamt því góða, með fagmanni og án kennara
- Maður fékk að heyra að maður var ekki einn að finnast eitthvað og rætt málin, þetta er líka persónulegra og skemmtilegra
- Hægt að segja það sem manni finnst, ekki staðlað form
- Já, þægilegra að segja frá heldur en að x-a við eitthvað
- Spurning hvort það yrðu betri skil á kennaramati ef það væri gert á þessum fundum í staðinn fyrir að hafa þá á netinu

#### **Ábendingar um það sem mætti betur fara:**

- Hefði viljað vita af þessu fyrr og viljað fá eitthvað efni til að hugsa um áður ef það hefði verið eitthvað sérstakt sem ég vildi að kæmi fram
- Fólk gæti kannski skrifað eitthvað á miða líka hvað því finnst og svo lesið upp svo ekki allir bara sammála síðasta ræðumanni
- Vona að þetta hafi farið til skila til kennara því þetta er sniðugt fyrir þá sem ekki þora að tjá sig við kennarann
- Láta vita tímanlega með fundinn svo maður sé tilbúinn með úttekt
- Það er ekkert sem þið gætuð gert betur
- Ekkert nema að hafa þetta í fleiri fögum
- Kannski hefðu fundarmenn mátt hafa skoðun á þeim málum sem upp komu

#### **Annað:**

- Endilega að halda svoleiðis fundi í hverju einasta fagi
- Fannst þetta þjappa hópnum saman þar sem fólk skiptist á skoðunum
- Takk fyrir að hafa komið með þetta. Mér finnst þetta hafa hjálpað.
- Þetta mætti vera fyrr á önninni
- Gott að vita hvernig aðrir í hópnum skynja sama umhverfi og kennarann.
- Takk fyrir mig



### **3.3 Niðurstöður kynntar á kennarafundi**

Við fengum leyfi stjórnenda til að kynna niðurstöður verkefnisins á kennarafundi þann 20. maí. Þar vorum við með svipaða kynningu og á námstefnunni. Kynningin gekk mjög vel og voru kennarar og stjórnendur mjög áhugasamir um niðurstöðurnar. Nokkur umræða skapaðist um verkefnið og við m.a. spurðar hvort við gætum hugsað okkur að halda þessu áfram.

### **3.4 Umsögn kennara á matsfundunum**

Í lok annar báðum við kennara að senda okkur línu um hver þeirra upplifun hafi verið af matsfundunum. Okkur þótti það forvitnilegt sérstaklega í ljósi þeirra sjónarmiða sem upp komu í byrjun, en það hafði ekki verið ætlun okkar að stilla kennurum upp í einhverja aðstöðu sem þeim fannst óþægileg. Það voru ekki allir sem skiluðu inn mati auk þess sem okkur fannst ekki að við gætum sjálfar skilað inn mati þó við værum þátttakendur. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi þegar upp var staðið og nokkuð vissir um að niðurstöður þeirra gæfu þeim betri mynd af kennslunni en hinar hefðbundnu kennslukannanir. Þessar umsagnir kennara má sjá í fylgiskjali 5.

#### 4. Ályktanir/lokaorð

Okkur fannst þetta mjög skemmtilegt og áhugavert verkefni og erum enn sannfærðari en áður um að nemendur okkar séu færir um að meta skólastarfið með faglegum hætti. Við erum þess líka fullvissar að fundirnir hafi verið gagnlegir fyrir alla og á margan máta. Kennarar fengu að vita beint frá nemendum hvað þeir eru að gera vel og hvort eitthvað var hægt að bæta. Það má ekki gleyma að jákvæðu atriðin eru jafn mikilvæg og þau neikvæðu. Almennt einblíndu þau meira á kennarann og kennsluhætti þegar þau voru að fara jákvæða hringinn en meira á aðstöðuna, tækin og bækurnar þegar þau áttu að nefna eitthvað sem betur mætti fara.

Það voru virkilega gagnlegir og góðir fundir sem við áttum með kennurum þegar við vorum að fara yfir atriðin sem við tókum á matsfundunum. Okkur fannst kennararnir taka athugasemdunum mjög vel og var að sjálfsögðu virkilega ánægjulegt að kynna fyrir þeim atriðin sem nemendur nefndu að væru jákvæð. Það var ekki erfitt að fara yfir atriðin sem nemendum þótti þurfa að bæta/laga. Kennararnir tóku mjög vel í þær athugasemdir og kom t.a.m. einn kennari til okkar nokkru seinna og sagðist hafa brugðist við athugasemdinni og væri ánægður með árangurinn. Þetta hafi verið eitthvað sem hann hafði ekki hugsað útí áður en væri þakklátur fyrir ábendinguna.

Í könnuninni sem við lögðum fyrir nemendur komu líka margar góðar og áhugaverðar athugasemdir frá nemendum sem vert væri að prófa ef það á að endurtaka þetta. Eins og það að byrja t.d. fundinn á því að allir skrifi athugasemdir á miða svo ekki verði allir sammála síðasta ræðumanni. Jafnframt mætti prufa að hafa fundina aðeins fyrr á önninni eða láta nemendur vita með einhverjum hætti að það standi fyrir dyrum svona kannanir svo þau geti verið aðeins búin að hugsa sig um ef það er eitthvað sérstakt sem þau vilja koma á framfæri. Við erum þó á því að það sé ekki gott að láta þau vita nákvæmlega hvar og hvenær fundirnir verði haldnir svo þetta verði heldur ekki allt of undirbúið.

Stjórnendur hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og hafa óskað eftir því að verkefnið verði þróað áfram í skólanum. Það verður áhugavert að sjá hvernig kennarahópurinn á eftir að taka á móti þessu verkefni í framtíðinni.

## Fylgiskjöl

### 1. Bréf til kennara um framkvæmd og úrvinnslu

#### Efni: Matsfundir við lönskólann í Hafnarfirði

Hafnarfirði, 4. febrúar 2009

Kæri kennari,

Undirritaðar eru að vinna lokaverkefni við endurmenntun Háskóla Íslands í áfanga sem heitir að „Að vanda til náms“. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor, menntavísindasviði Háskóla Íslands, hefur umsjón með námskeiðinu. Lokaverkefnið var valfrjálst að öðru leyti en að það skuli vera þróunarverkefni sem tengist námsmati og unnið á starfsvettvangi.

Í náminu fengum við kynningu á svokölluðum matsfundum. Markmiðið með slíkum fundum er að auka gæði kennslunnar. Þar eru nemendur beðnir um að greina frá atriðum sem þeim líkar, eru ánægðir með, í áfanganum og einnig hvaða atriði þeir kysu að kennari bætti. Þessir fundir eru haldnir á miðri önn svo kennari fái upplýsingar um það sem nemendur voru ánægðir með og sömuleiðis tækifæri til að gera úrbætur.

Ástæðan fyrir því að við völdum þetta verkefni er að koma gæðamálum í farveg sem nýtist bæði kennaranum og nemendum. Hingað til hafa nemendur unnið kennslukönnun sem lögð er fyrir í lok annar. Okkar tilfinning er að nemendur leggi ekki mikinn metnað í slíkar kannanir m.a. vegna þess að þeim finnst ekki tekið mark á þeim og einnig eru þeir að klára áfangann og finnst þess vegna útkoman ekki koma þeim við. Einnig hefur verið erfitt að vinna úr niðurstöðunum þar sem þær segja ekki nákvæmlega hvaða atriði við getum bætt eða hvernig. Kennslukannanirnar eru leiðandi og spyrja um fyrirfram ákveðin atriði.

Í þessu þróunarverkefni höldum við matsfundi í nokkrum áföngum í deildunum sem við kennum við, sem er almenna- og rafmagnsdeildin.

### **Framkvæmd matsfunda**

Matsfundirnir verða haldnir á miðri önn 6.-8. kennsluviku. Undirritaðar sjá um að halda fundina að undanskyldum okkar hópum, þar fáum við aðstoð Ingu Þóru Ingadóttur verkefnastjóra skólans.

Nemendur eru beðnir um að mynda hring með stólum sem þeir setjast í og önnur okkar sest meðal þeirra sem ritari í hringinn með skrifblokk og penna. Ritarinn byrjar á því að lesa kynninguna (fylgiskjal 1). Að henni lokinni eru nemendur beðnir um að nefna 1-2 tvö atriði sem þeim líkar við námskeiðið og jafn óðum punktar ritarinn niður atriðin. Þegar allir nemendur hafa náð að tjá sig þess efnis gengur hringurinn rangsælis og nemendur eru þá beðnir um að benda á 1-2 atriði sem þeir teldu vera hægt að gera til að bæta áfangann.

Þegar matsfundinum lýkur taka undirritaðar listann og draga saman atriði sem svipa til hvers annars og afhenda síðan kennaranum.

### **Úrvinnsla kennarans**

Við óskum eftir því að kennarinn fari yfir listann og meti þau atriði sem nemendur eru ánægðir með í áfanganum og sömuleiðis fari yfir óskir nemendanna um breytingu eða lagfæringu.

Við teljum mikilvægt að kennarinn tali opinskátt við nemendur um niðurstöðurnar. Sjái kennari fram á að geta breytt eða aðlagað námskeið að ósk nemenda væri gott að hann greindi frá því og hvernig hann ætli að fara að því. Sömuleiðis sjái hann fram á að geta ekki orðið við þeim að útskýra af hverju.

### **Við lok áfangans**

Spurningalisti til nemenda

Þegar áfanganum lýkur leggjum við fyrir nemendur spurningalista til að athuga hvort þeim finnst að matsfundurinn hafi skilað árangri.

## Spurningalisti til kennarans

Við teljum mjög mikilvægt að fá upplýsingar frá kennaranum. Hvernig var hans upplifun? Telji hann að fundirnir hafi komið að gagni/ógagni? Af hverju? Hvort hann telji að við getum framkvæmt matsfundina með áhrifaríkari hætti þá hvernig? Hvort hann telji sig hafa orðið við óskum nemandans? Síðast en ekki síst hvort hann telji að fundirnir hafi komið að gagni.

### **Úrvinnsla gagna - niðurstöður**

Við heitum því að fara varlega með atriðalistann frá nemendum og halda honum nafnlausum sem og spurningalistunum. Ekki á að vera hægt að rekja niðurstöðurnar til kennara eða áfanga. Þegar við vinnum úr niðurstöðum er ætlun okkar að athuga hvort markmiðinu með verkefninu hafi verið náð, þ.e. hvort matsfundir auki gæði kennslunnar?

Við vonumst til að matsfundirnir komi til með að nýtast ykkur í starfi.

Okkur er ætlað að skila inn greinargerð um verkefnið í lok námskeiðsins og sömuleiðis vera með munnlega kynningu á málstofu 27.maí.

Þakka þér fyrir það traust sem þú veitir okkur með því að samþykkja þátttöku í þessu verkefni.

Með fyrir fram þökkum,

---

Irena Ásdís Óskarsdóttir

---

Ragnhildur Guðjónsdóttir

## 2. Spurningarnar úr kennslukönnun skólans

Niðurstöður	Á ekki við	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála
Kennarinn var áhugasamur um kennsluna						
Námsefnið var vel undirbúið og vandlega útskýrt						
Kennarinn var vingjarnlegur við nemendur sem einstaklinga						
Kennslugögn í áfanganum voru fullnægjandi						
Kennarinn hrósaði mér fyrir það sem ég gerði vel						
Verkefni áfangans voru í samræmi við áherslur í kennslu						
Ég vissi hvað ég átti að gera í tímum						
Ég vissi hvernig mér gekk í þessu fagi						
Kennarinn fylgdi kennsluáætlun og lét okkur vita ef hún breyttist						
Kennslustundir voru nýttar vel til kennslu og/eða verkefnavinnu						
Það var ekki farið of hratt eða of hægt yfir						
Kennarinn var þolinmóður við nemendur						

### 3. Matsfundirnir

#### fundur nr. xx

Jákvæður hringur

- **Polinmóður**
- **Fer yfir öll dæmin**
- Skemmtilegur áfangi
- **Mátulega hröð yfirferð**
- **Sýnir efninu og kennslunni áhuga**
- Góður kennari
- **Aðstoðar sérstaklega ef maður skilur ekki, tekur dæmin aftur.**
- Sammála öllu ofantöldu
- Líka hægt að fá aðstoð þó maður sé á undan í efninu.
- Ekkert neikvætt, aldrei gengið eins vel í stærðfræði.

Það sem má bæta

- Heldur strangur á seinkomum
- Stundum of hratt farið yfir
- **Mætti gefa okkur meiri tíma til að reikna sjálf áður en hann tekur dæmið á töfluna. Nemendur stundum ekki vissir um hvað þeir kunna þar sem þeir skrifa stundum bara niður eftir kennaranum.**
- Mætti leyfa ipod í tímum svo framarlega sem aðrir heyra ekki í honum (trufli ekki)

#### fundur nr. yy

Jákvæður hringur

- Jákvæð
- Skilar vel af sér
- Fyrsta skipti sem ég hef lært eitthvað í dönsku
- **Hjálpsöm**
- Skemmtileg
- Gott að læra hjá henni
- Fær að drekka kaffi í tíma
- Hress

- Fáránlega þolinmóð
- Skapar þægilegt andrúmsloft
- Tengir efnið skemmtilegum hlutum
- Gefur sér góðan tíma með nemendum
- Fylgir vel hlutunum þar til skýring fæst
- Afritaði söguna og gaf nemendum kost á að hlusta á söguna
- Mosaik fín námsbók

Það sem betur mætti fara

- Rafhlöðurnar í tölvunum og tölvurnar lélegar
- **Erfið og löng bókin, Hvid sommer**
- Mikið af nýjum bókum
- Leiðinlegt efni – vantar tilbreytingu
- Kennarinn heyrir stundum illa
- **Heyrnatólin við tölvurnar léleg**
- Vantar betri astöðu fyrir hlustunarhlutann
- Of mikið fast í bókunum, vantar meiri þjálfun í að tala dönsku.

**fundur nr. zz**

Jákvæður hringur

- Gott að vera ekki að fylgja bókinni
- Kennarinn hefur ákveðna ástríðu fyrir áfanganum
- Tengir efnið við það sem er að gerast í samfélaginu – virkar
- **Gefur tíma til að pæla**
- Kennslustundirnar vel nýttar
- Góður tækjabúnaður
- Léttur kennari, myndar gott andrúmsloft, stutt í grínið
- **Góð aðstaða**
- Reynir að taka það leiðinlega og gera skemmtilegt
- Skemmtilegur gaur
- Gott að vera í tímum
- **Sáttur við fjöldann sem er í tímum**
- Skipulagður



- Hefur tíma – er alltaf í tímanum
- Skilur engan útundan – góður við alla

Það sem betur mætti fara

- **Gluggatjöldin mega vera breiðari**
- Leiðinlegt suð í tækjunum
- Getur verið erfitt að ná sambandi – svarar ekki kalli
- Meira af glósum á töflu, fer svolítið út fyrir efnið
- Tengir útskýringar ekki nógu vel við bókina/efnið
- Óþægilegir stólar
- Bóklegu tímarnir of langir
- Erfitt að fá útskýringu um hvað sé í gangi í tíma
- Nemendum fannst vanta útskýringar á bak við verkefnið (vantar grunn) – skilja hvað sé að gerast, en ekki hvað sé á bak við það.
- Setur upp á töflu – vantar skýringu – bendir á bókina (nefndu að stundum virkar það og stundum ekki)
- Við eyðum tíma í að skilja – ert e.t.v. ekki búinn að fatta í lok tímans – vill skýringu áður en tímanum lýkur

## 4. Mat nemenda á matsfundunum - könnun

Kæri nemandi,

þar sem þú varst þátttakandi í verkefni, matsfundum, sem undirritaðar eru að vinna við Háskóla Íslands í áfanga sem heitir „Að vanda til námsmats“ óskum við eftir því að þú svarir eftirfarandi fullyrðingum:

(Dragðu hring utan um þá tölu sem þér finnst viðeigandi við hverja fullyrðingu)

**1. Matsfundirnir voru gagnlegir:**

Mjög ósammála				Hvorki né				Mjög sammála	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

**2. Var skemmtilegt að taka þátt í matsfundunum:**

Mjög ósammála				Hvorki né				Mjög sammála	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

**3. Væri óskandi að matsfundir væru haldnir í öllum áföngum:**

Mjög ósammála				Hvorki né				Mjög sammála	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

**4. Hefðbundnar kennslukannanir þjóna sama tilgangi og matsfundirnir:**

Mjög ósammála				Hvorki né				Mjög sammála	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

**5. Æskilegt að utanaðkomandi aðili haldi matsfundinn:**

Mjög ósammála				Hvorki né				Mjög sammála	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

Var eitthvað jákvætt/gott við matsfundinn?

---

---

---

Ábendingar um það sem betur mátti fara:

---

---

---

Annað:

---

---

Kærar þakkir, Irena og Ragga

## 5. Umsagnir kennara

- „Mér fannst þetta gott framtak, svona mat skilar sér að öllum líkindum betur en krossaprófin sem nemendur eru að fylla út í lok anna. Tölvuútteygsla kennslukannana eru oft illskiljanleg. Mín skoðun er sú að ekki sé hægt að framkvæma mat að kennara viðstöddum. Gangi ykkur vel.“
- „Sæl Irena , fyrir mig var þetta virkilega gott. Sýndi inn á hvað mætti betur fara og það á miðri önn þannig að ég gat leiðrétt það strax. Einnig heyrði ég nemendur tala um hvað það væri gott að fá aðila sem er ekki tengdur rafmagnsdeildinni til að sjá um umræður.“
- „Sem deildarstjóri taldi ég mig verða að halda fund um væntanlega matsfundi, einkum þar sem ég varð strax vör við óánægju meðal kennara vegna matsins.

Mér fannst nauðsynlegt að kennararnir sem ætluðu að fá leyfi til þess að framkvæma matið væru viðstaddir umræðuna á deildarfundinum sem þeir þáðu. Þannig var hægt að fá nánari upplýsingar um tilgang matsins og markmið.

Í deildinni eru 9 kennarar og tóku aðeins fjórir þeirra þátt í matinu.

Það er ákveðinn kvíði því samfara að fá utanaðkomandi aðila inn í kennslustund.

Samkennara sem lokar sig inni með nemendum og ræðir við þá starf sem er manni kært og vill ekki að blettur eða hrukka falli á. Í raun ætti kennari sem hefur komið vel út úr kennslumati s.l. ár á ekki að þurfa að, stressa sig yfir þessu, þó hann sé að kenna fag sem aðrir en hann sjálfur álíta leiðinlegt og óáhugavert .

Maður spyr sig, eru nemendur sem eru rétt skriðnir úr grunnskólanum færir um að meta á faglegum nótum kennslu og kennsluáðferðir ?

Þess vegna var könnunin framkvæmd bæði hvað varðar nemendur ný komna úr grunnskóla og þá sem eru lengra komnir. Ég efaðist um að nemendurnir yrðu málefnalegir í mati sínu, en ljóst er að nemendur eru ólíkir og eiga mjög mis gott með að tjá sig og gaman væri að vita hvor hópurinn var hlutlægari í mati sínu á kennslunni. Það má segja að það gladdi mig þegar mér varð ljóst er ég fékk að vita niðurstöðurnar að innlestur námsefnis inn á innra net skólans hafði komið sér vel. Nemendur hafa nú aðgang að skáldsögunum sem lesnar eru á önninni á innra neti skólans, einnig voru í fyrsta sinn lesnar inn á netið smásögur sem nemendur kunna að meta án þess að ég vissi um það fyrr en eftir matsfundinn.

Nokkrar athugasemdir sem nemendur gerðu í tengslum við matið glöddu: eins og

„hún er fáránlega þolinmód". Einnig er ekki hægt að neita því að ég heyri ekki alltaf hvað nemendur segja, þrátt fyrir heyrnartæki, enda vantar stundum upp á sjálfsálitið þegar þau eru að tala á dönsku, það er í góðu lagi að þau tjái sig um það.

En sá skondni atburður gerðist fyrir tíu árum að nemandi heyrðist segja „það þarf orðið að öskra á hana svo hún heyri" þetta leiddi til þess að ég fór samdægurs í heyrnarmælingu, í kjölfarið voru heyrnartæki keypt...það fer ekkert fram hjá nemandanum.

Segja má að bæði jákvæðar- og neikvæðar umsagnir nemenda séu mikilvægar, maður sér ekki alltaf sjálfur hvort maður er að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð var. Ef fleiri slíkar kannanir verða framkvæmdar, þá þarf að vísa í fyrri reynslu þess efnis að nemendur séu málefnalegir í mati sínu, það sé ekkert að óttast, því ef neikvæð gagnrýni á sér stað þá getur kennarinn bætt sig ef hann sér að nemendur hafa rétt fyrir sér.

Ef tekið er á mati á faglegum forsendum þá ættu matsfundir að skila árangri, ef kennarinn er tilbúinn til þess að taka tillit til þess nemendur eru að segja.“

- „Námsmatið eins og þið lögðuð það fyrir var gott til að fá fram faglegar og gangvirkar samræður í bekkjunum.

Þar kom fram umræða um einstök fög, framsetningu þeirra og skilvirkni.

Í umræðuhópunum gátu nemendur fjallað um sína skoðun á áherslur og framsetningu í kennslu og fengu viðbrögð og innsýn annarra samnemenda við sama mati og hugrenningum. Þarna þurftu margir nemendur að spyrja sig hvar stend ég í viðkomandi fagi og hver er mitt framlag í því námi sem ég valdi sjálfur. Námi sem á að vera grunnurinn að minni eigin framtíð í námi og starfi. Þetta tókst mjög vel og skilaði sér hjá mörgum í nýrri ábyrgari og virkari hugsun. Og þessi aðferð tekur námskönnunum fram um flest, þegar vel er að staðið.“

## 6. Listi til stjórnenda

- Rafhlöðurnar í tölvunum og tölvurnar lélegar
- **Heyrnatólin við tölvurnar léleg**
- Vantar betri astöðu fyrir hlustunarhlutann
- Tölvuaðstaðan of þröng, stundum of fáar tölvur. Vont að vinna með bækur við tölvurnar (stofa 103)
- Hafa snúrudótið frammi, mikið ráp, truflandi, fleiri verkfæri
- Pirrandi að sitja á hlið til að sjá á töfluna (103)
- Tölvurnar á röngum stað, blokka flóttaleið. (103)
- **Gluggatjöldin mega vera breiðari (104)**
- Óþægilegir stólar (104)
- Vont að sitja lengst frá tölunni, röðin er fyrir (103)
- Nemendur lengst frá - auðveldara að missa einbeitinguna (103)
- Of margir í stofunni, erfitt að sjá á töfluna og komast yfir öll dæmin (103)
- Fáránlegt að sitja langsum í stofunni (103)
- **Staðsetning borðsins slæm (103)**
- Símatís áfanga
- Hér var eingöngu rætt um aðstöðuleysið sem áfanginn býr við sökum þess að húsnæði skólans er löngu sprungið utan af starfseminni allir sammála hér.(ný „stofa“ á móti bókasafni)

## Heimildaskrá

Ingvar Sigurgeirsson. Fyrirlestur. *Námsmatsaðferðir 2*. 12. desember 2008.

Menntamálaráðuneytið. 2004. *Aðalnámskrá framhaldsskólanna: Almennur hluti*.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

David W. Stewart, Prem N. Shamdasani, Dennis W. Rook. 2006. *Focus Groups: Theory and Practice*. Sage. London.

### Vefheimildir:

Anita Gibbs. 1997. *Social Research Update*. [Sótt 29. maí 2009]

<http://www.afmrd.org/cms/files/Social%20Research%20Update.pdf>

Iðnskólinn í Hafnarfirði. [Sótt 06. maí 2009.] <http://www.idnskolin.is/skolinn/sjalfsmat/>.

Ingvar Sigurgeirsson. [Sótt 28. apríl 2009]

[www.starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/Skjam\\_verkm/Namsmat\\_L\\_og\\_v\\_2.pptx](http://www.starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/Skjam_verkm/Namsmat_L_og_v_2.pptx) -

Listening to Student Voices. 2001. [Sótt 2.maí 2009]

<http://www.nwrel.org/scpd/scc/studentvoices/>

Markaðs- og miðlarannsóknir ehf. Reykjavík. [Sótt 28. apríl 2009]

<http://www.mmr.is/files/MMRFocus.pdf>.